

241. fundur

Miðvikudaginn 19. janúar 2011, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Peir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Ólafur Friðriksson. Einar Sigurðsson sat fundinn í stað Guðrúnar sem var fjarverandi. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerðir 239. og 240. fundar og dagskrá 241. fundar.

Fundargerðir 239. og 240. samþykktar án athugasemda, ásamt dagskrá.

2. Verðlagning.

Stílt var upp módeli með mismunandi forsendum sem nefndarmenn höfðu undirbúið í óformlegri vinnu milli funda. Ítarleg umræða fór fram um einstakar forsendur og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Að lokum varð samkomulag um að leggja til grundvallar hækkun verðlagsgrundvallar kúabús frá desember 2009 til desember 2010, þó þannig að undanskilja hækkun viðhaldsliðar, afskrifta, vaxta og launa. Við þennan útreikning kom í ljós hækkunarþörf upp á 4,56%. Jafnframt var ákveðið að draga úr verðtilfærslu um 19%, en þá stendur eftir verðtilfærsluþörf 5,31 kr./ltr. Að því búnu náðist samkomulag um eftirfarandi:

„Sameiginlega ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. febrúar n.k. um 2,25% að meðaltali, þó þannig að nýmjólk hækkar hlutfallslega til jafns við hækkun til bænda. Frá sama tíma hækkar afurðastöðvaverð til bænda um 3,25 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 71,13 kr. í 74,38 kr., eða um 4,56%.“

3. Önnur mál.

Engin önnur mál komu fram.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

242. fundur

Mánudaginn 2. maí 2011, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Peir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Ólafur Friðriksson og Guðrún Sigurjónsdóttir. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar skýrði formaður frá því að Auður Birgisdóttir sem verið hefur ritari verðlagsnefndar um árabíl hefði fengið frí frá störfum í ráðuneytinu, en við ritarastarfinu hefði tekið Kristín Sigfúsdóttir, starfsmaður á skrifstofu Framleiðslu og markaðsmála í ráðuneytinu.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 241. fundar og dagskrá 242. fundar.

Fundargerð 241 samþykkt án athugasemda, ásamt dagskrá.

3. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – mars 2011.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá mars 2011 ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðenda, sem sýnir 32.732.- kr. lækkun frá því í desember sl. Grundvöllurinn hefur hækkað um 1,74% frá september 2010. Nokkrar umræður urðu um framreikninginn og er heildarkostnaður hans alls kr. 29.996.616.- Grundvöllurinn var síðan staðfestur.

4. Erindi SAM varðandi efnainnihald mjólkur verðlagsárið 2011.

Lagt var fram erindi frá SAM, dags. 31. janúar sl., um efnainnihald viðmiðunarmjólkur verðlagsárið 2011. Samkvæmt erindinu er útreikningum efnainnihalds viðmiðunarmjólkur eftirfarandi:

	2011	2009/2010
Fita:	4,09%	4,05%
Prótein:	3,34%	3,35%

Eins og fram kemur hefur orðið örlítill breyting milli ára. Núgildandi lágmarksverð er 71,13 kr./ltr., til framleiðenda. Verðlagsnefnd staðfesti framlagðan útreikning.

5. Minnisblað vegna ríkisábyrgðar á skuldum Lánasjóðs landbúnaðarins.

Formaður lagði fram minnisblað, dags. 8. apríl sl., vegna ríkisábyrgðar á skuldum Lánasjóðs landbúnaðarins, sbr. umfjöllun verðlagsnefndar á 240. fundi nefndarinnar. Ríkisábyrgð hvíldi á skuldabréfum að upphæð 13,8 milljarða sem Lánasjóðurinn hafði gefið út og Landsbankinn yfirtók við samruna sjóðsins við bankann. Við gjaldþrot bankans urðu lán hans almenn krafa í búið og var ríkissjóður krafinn um greiðslu vegna ábyrgðarinnar.

6. Önnur mál.

Haraldur lagði fram samantekt um skuldaaðlögun einstaklinga í búrekstri við Arion banka. Aðeins var tekið á þeim búum sem voru komnir í erfiðleika við hrunið en margir þurfa skuldaaðlögun vegna síðasta árs.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

243. fundur

Þriðjudaginn 7. júní 2011, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Ólafur Friðriksson og Guðrún Sigurjónsdóttir. Haraldur Benediktsson boðaði forföll. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 242. fundar og dagskrá 243. fundar.

Fundargerð 242 samþykkt án athugasemda, ásamt dagskrá.

7. Yfirlit frá SAM vegna sölu mjólkurafurða apríl 2011.

Kynnt var yfirlit yfir sölu mjólkurvara frá SAM fyrir aprílmánuð 2011, síðustu þrjá mánuði og síðustu tólf mánuði. Sölutölur eru í lítrum og kílóum fyrir umrædd tímabil. Sala mjólkurvara hefur dregist í heildina saman um 5,29% á síðustu 12 mánuðum, 6.4% á síðustu þremur mánuðum og 2,4% í aprílmánuði.

8. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – júní 2011.

Formaður lagði fram drög að framreiknuðum verðlagsgrundvelli kúabús 1. júní sl., en inn í útreikninginn vantaði vaxtagjöld og var afgreiðsla því frestað til næsta fundar. Nokkrar breytingar hafa orðið á kostnaðarliðum milli tímabila. Áburður hefur hækkað um 12,1% og sáðvörur um 23,3% en þessir liðir koma inn í grundvöllinn á tólfmánaða fresti.

9. Vinnsla og dreifingarkostnaður mjólkursamlaga júní 2009 – júní 2011

Lögð var fram reiknum gjaldahækkun hjá mjólkursamlögum, skv. módeli, frá síðustu verðlagningu á vinnslu og dreifingarkostnaði þ.e. frá 1. júní 2009. En inn í þá hækkun vantar áhrif vegna nýgerðra kjarasamninga en áætlað er að sú hækkun nemi um 1,4-1,5%.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir

244. fundur

Föstudaginn 10. júní 2011, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Peir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Ólafur Friðriksson og Guðrún Sigurjónsdóttir. Haraldur Benediktsson boðaði forföll. Kristín Sigfúsdóttir ritari var fjarverandi.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 243. fundar og dagskrá 244. fundar.

Gerðar voru lítilshátta breytingar á fundargerð 243 og verður hún tekin til afgreiðslu á næsta fundi. Ekki voru gerðar athugasemdir við dagskrá.

10. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – júní 2011.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús 1. júní sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðenda, en þar kemur fram 81.886.- króna hækkun frá því í mars sl. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 4% frá mars sl., en heildarkostnaður alls er kr. 31.203.869.-. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

11. Verðlagning.

Forsendur verðlagningar voru settar inn í módel er nefndin hefur notast við varðandi verðlagningu og voru gerðir útreikningar jafnóðum. Útreikningarnir byggðu á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur, m.a. vegna launabreytingum kjarasamninga. Við útreikning kom í ljós hækunarþörf á afurðarstöðvarverði til bænda upp á 4,4%, en þá hafði verið tekið tillit til liða sem undanskildir voru við síðasta verðútreikning 1. febrúar sl., þ.e. viðhaldsliða, afskrifta, vaxta og launa. Jafnframt var ákveðið að hverfa frá verðtilfærslu við heildsöluverðlagningu á smjöri og draga úr verðtilfærsluþörf á óþökkuðu skyri, mjólkurdufti og undanrennufti. Að því búnu náðist samkomulag um eftirfarandi:

„Sameiginleg ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. júlí n.k. um 4,25%. Þó hækkar smjör um 6,7% og mjólkurduft til matvælaíðnaðar um 6%. Frá sama tíma hækkar afurðastöðvaverð til bænda um 3,25 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 74,38 kr. í 77,63 kr., eða um 4,4%. Þá hækkaði vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um liðlega 4,1%.“

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir